

Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF NÓVEMBERMÁNAÐAR



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

Prettán þúsund milljónir

Þetta haust hefur farið sérstaklega blíðum höndum um okkur Vestfirðinga þegar horft er til veðurs og færðar. Við erum farin að sjá töluverð merki um aukin samskipti og samstarf milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða nú þegar nýr vegur á Dynjandisheiðinni lengist meir og meir. Um síðustu helgi voru vel sóttir jólamarkaðir bæði í Dokkuni á Ísafirði og í Félagsheimilinu á Patreksfirði þar sem fyrirtæki bæði frá norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum voru að selja afurðir sínar á báðum stöðum.

Á þessu hausti hefur við lauslega talningu verið hægt að sjá og njóta afkasturs 13 milljarða fjárfestinga á Vestfjörðum. Þarna er um að ræða samgönguframkvæmdir eins og brúna yfir Þorskafjörð, opnun vegarins um Teigsskóg og inn Djúpafjörð og nýja kafla á Dynjandisheiðinni. Síðan er stórfamkvæmd Arctic Fish, laxasláturhús í Bolungarvík sem kostaði 5 milljarða og um næstu helgi verða Stúdentagarðar Háskólaseturs Vestfjarða opnaðir.

Mikið hefur verið um mannamót, fundi, ráðstefnur og menningarviðburði í nóvember. Nefna má viðburði sem við hér á Vestfjarðastofu höfum tekið þátt í eins og málþing um atvinnuuppbyggingu og þróun íbúðamarkaðar og spjall um græna styrki. Einnig staðfund Sónarhóps Vestfjarðastofu um hvernig efla má ímynd Vestfjarða.

Ímynd svæðisins hefur verið nokkuð til umræðu meðal fólks þetta haust meðal annars vegna háværrar umræðu um laxeldi. Umræðan hefur ekki einvörðungu áhrif á þau fyrirtæki sem starfa í greininni heldur nær hún stundum til þeirra sem starfa innan hennar og jafnvel þarf stundum ekki meira til en vera frá svæðinu til að eiga von á aðdróttunum í einhverri mynd. Þessi tiltölulega unga atvinnugrein er ekki hafin yfir gagnrýni, en það er góður siður að fara í málefnið en ekki manninn þegar gagnrýni er annars vegar.



Áhrifa umræðunnar gætir líka í ótta um afkomu og búsetu þegar þess er krafist í fullri alvöru að atvinnugrein sem hefur átt stóran þátt í viðsnúningi í byggðapróun á svæðinu verði bönnuð. Á Vestfjörðum má gera ráð fyrir að allt að 10% starfandi íbúa vinni við eða tengt fiskeldi og á sunnanverðum Vestfjörðum eingöngu er hlutfall starfsmanna og þeirra sem starfa í atvinnugreinum tengdum fiskeldi umtalsvert hærra.

Á fyrrnefndum staðfundi Sónarhóps Vestfjarða kom nokkuð skýrt fram að áhrif umræðunnar á ytri ímynd Vestfjarða væru ekki endilega merkjanlega neikvæð. Eftir stendur þó að áhrif umræðu haustsins um fiskeldi hefur líklega haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd íbúa.

Þess vegna er mikilvægt að horfa á jákvæð áhrif uppbyggingar undanfarinna ára og að byggðapróun er smám saman að færast í jákvæðari átt. Vestfirðingum er að fjölga aftur. Hér eru aftur byggð hús.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri



Opnun Stúdentagarða Háskóla Vestfjarða

Föstudaginn 1. desember kl. 14-18



Húsið opnað kl. 13:30 - **Ávörp gesta** 14:00-15:00
Fjarðarstræti 20b verður opið gestum og gangandi kl. 14-18.
Öll velkomin.



Opnun Stúdentagarða Háskóla Vestfjarða

Á undraverðum tíma hafa risið við Fjarðarstræti á Ísafirði Stúdentagarðar Háskóla Vestfjarða. Garðarnir samanstanda af tveimur húsbyggingum sem hvor um sig er með 20 vistarverur fyrir nemendur. Fyrir í haust fluttu nemendur inn í annað húsanna en nú er hið seinna tilbúið og af því tilefni verður boðið til formlegrar opunar föstudaginn 1. desember á milli klukkan 13:30 og 18 að Fjarðarstæti 20b (húsið sem er nær Salem). Dagskrá með ávörpum verður á milli 14 og 15. Öll velkomin!

Aflamark Byggðastofnunar - boð um samstarf

Á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 auglýsir Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum um nýtingu aflaheimilda á Hólmavík Um er að ræða allt að 500 þorskígildistonn fiskveiðiárið 2023/2024

Meginmarkmið verkefnisins er að auka byggðafestu í þeim sjávarbyggðum sem :

- standa frammi fyrir alvarlegum og bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi,
- eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu,
- eru fámennar, fjarri stærri byggðakjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.

Í því skyni er stefnt að uppbyggingu í sjávarútvegi sem:

- skapar og viðheldur sem flestum heilsársstörfum við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkomandi sjávarbyggðum,
- stuðlar að sem öflugastri starfsemi í sjávarútvegi til lengri tíma

Endanlegt val á samstarfaðilum mun byggja á eftirfarandi þáttum:

- trúverðugum áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi
- fjölda heilsársstarfa
- sem bestri nýtingu þeirra veiðiheimilda sem fyrir eru í byggðalaginu
- öflugri starfsemi til lengri tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina
- jákvæðum áhrifum á önnur fyrirtæki og samfélagið
- traustri rekstrarsögu forsvarsmanna umsækjanda

Umsóknum sem ekki falla að markmiðum verkefnisins verður hafnað. Umsóknareyðublað, ásamt nánari upplýsingum er að finna á [vef Byggðastofnunar](http://vef.Byggðastofnunar.is).

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið aflamark@byggdastofnun.is fyrir kl. 12:00 föstudaginn 15. desember 2023.



Gleðin við völd hjá Sónnahópi Vestfirðastofu

Fyrsti fundur Sónnahóps Vestfirðastofu var haldinn fimmtudaginn 16. nóvember. Hópurinn var stofnaður í maímánuði og er hann hugsaður sem samstarfsvettvangur hagaðila á sviði atvinnu- og byggðapróunar á Vestfjörðum. Markmiðið er að efla atvinnulífið með því að stilla saman strengi og skapa sterka rödd þess í umræðunni og er varðar ákvarðanatöku til framtíðar.

Fundagestir geta vafalítið sammælt um að þessi fyrsti fundur var hvort tveggja í senn afar áhugaverður og bráðskemmtilegur, enda frummælendur þungavigtarfólk í hjartsýni, krafti og skemmtilegheitum. Heiðrún Björk Jóhannsdóttir sagði frá hinu undraverða verkefni Netagerðinni, vinnustofum listafólks sem hafa fæðst nánast fullbúnar á einungis sjö mánuðum. Ingvar Örn Ingvarsson, almannatengill og framkvæmdastjóri Cohn og Wolfe fjallaði um hvernig styrkja mætti jákvæða ímynd Vestfirðar og hvaða leiðir mætti nýta til miðlunar á henni. Ingvar nefndi í erindi sínu margt sem telst getur til sérstöðu Vestfirðar og hversu auðveld aðgreining svæðisins getur verið vegna landfræðilegrar sérstöðu. Síst minni væri þó sérstaða svæðisins í menningarlegu tilliti og ættum við að vera ófeimin við að draga það fram. Hnífsdælingurinn, Baggalúturinn og Brandenburgarmaðurinn Bragi Valdimar Skúlason sem fjallaði einnig um ímyndarmál og eins og honum er lagið kom hann með innlegg um það hvernig nýta mætti húnur til að mæta því sem við hingað til höfum kannski talið til áskorana. Reyndar voru þeir Bragi Valdimar og Ingvar báðir á því að vandræði Vestfirðar þegar ímynd væri annars vegar væru ekki teljandi, mikil Vestfirðaaást væri yfir og allt um kring og ríkuleg meðal margra landsmanna og gesta.



Peter Weiss, forstöðumaður Háskólasets Vestfirðar, sem lyft hefur grettistaki í því að auka veg æðri menntunar á Vestfjörðum og lagt þung lóð á vogaskálar þess að auka aðgengi Vestfirðinga að menntun á háskólastigi steig næstur á stökk. Fjallaði hann um þau áhrif sem Háskólasetur Vestfirðar hefur haft í viðum skilningi og nefndi þar til að mynda alla þá sendiherra Vestfirðar sem nú eru komnir um heim allan eftir að hafa lokið meistaraáráðu á Ísafirði – auk þeirra sem eftir hafa orðið og dregið íbúatöluþróunina upp á við. Að erindi hans loknu var tími til skrafs og ráðagerða áður en hópurinn hélt undir traustri leiðsögn Halldórs Halldórsson fyrrverandi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar í nýja nemendagarða Háskólasets Vestfirðar.

Það er okkar trú að samkomur sem þessar hjálpi til við að hrista fólk saman og þarna sé kominn úrvals vettvangur til að blása fólki anda í brjóst sem allir geti svo tekið með sér heim og útfært eins og hverjum og einum er lagið.



ÁRVISS FUNDUR STARFSMANNA OG STJÓRNAR VESTFJARÐASTOFU



Starfsfólk Vestfjarðastofu



Stjórn Vestfjarðastofu

Starfsmenn og stjórn Vestfjarðastofu áttu árlegan fund föstudaginn 17. nóvember. Þar var farið í saumana á því sem starfsfólk hefur verið að fást við á árinu og línur lagðar fyrir verkefni næsta árs. Óhætt er að segja að starfsfólk hafi ekki setið auðum höndum og verkefni þess mörg og fjölbreytt. Til að draga eitthvað fram má nefna verkefni á sviði atvinnuþróunar, hagsmunagæslu fyrir Vestfirði, ráðgjafar, nefndarstarfa, Evrópuverkefna, loftslagsmála, markaðssetningar, menningar, miðlunar, ráðstefna og funda og brothættra byggða. Yfir öllu vaka svo stefnumótandi ákvarðanir Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem öll sveitarfélög á svæðinu koma að, auk Sóknaráætlunar Vestfjarða sem einmitt fer í gegnum endurskoðunarfasa á næsta ári er þeirri sem nú er í gildi lýkur.

Tækifærið var nýtt til að slá á léttu strengi og áttu stofnanir í Vestrahúsinu sameiginlegan hádegisverð og kom uppistandarinn Jóhann Alfred og skemmti gestum með glenski og kvissi sem vakti stormandi lukku.





VEL SÓTTUR FUNDUR UM ATVINNUUPPBYGGINGU OG ÞRÓUN ÍBÚÐAMARKAÐAR Á ÍSAFIRÐI

Opinn fundur um atvinnuuppbyggingu og þróun íbúðarmarkaðar í landsbyggðunum var haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði fimmtudaginn 16. nóvember. Að fundinum stóðu Vestfjarðastofa, Byggðastofnun, HMS, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök iðnaðarins. Fundarstjóri var Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Fundurinn var vel sóttur og erindi hans fjölbreytt. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, talaði um tækifæri og áskoranir á Vestfjörðum. Elmar Erlendsson frá HMS talaði um stöðu íbúðauppbyggingar í landinu og fjallaði sérstaklega um stöðuna á Vestfjörðum þar sem mikið hefur verið að gerast, sér í lagi vegna byggingu nýrra nemendagarða Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði. Andri Þór Árnason, sérfræðingur á byggðasviði Byggðastofnunar fjallaði um lánastarfsemi stofnunarinnar og Hugrún Ýr Sigurðardóttir hjá HMS fjallaði um stafræn byggingaleyfi, en gátt fyrir slík er nú í smíðum og mun vafalítið létta mörgum lífi þegar hún kemst í gagn. Lóa Auðunsdóttir hjá Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytinu fjallaði um nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina og þá sér í lagi Lóuna sem hún fer fyrir hjá ráðuneytinu. Síðastur tók til máls Friðrik Ágúst Ólafsson viðskiptastjóri á mannvirkjasviði hjá Samtökum iðnaðarins og er óhætt að segja að hann hafi lokað mælendaskránni á kraftmikinn hátt.



MARKAÐSSTOFUR LANDSHLUTANNA FUNDUÐU Á NORDURLANDI

Markaðsstofur landshlutanna hittust á tveggja daga vinnufundi sem haldinn var á Akureyri og í Mývatnssveit 21.-22. nóvember og er fundurinn liður í auknu samstarfi markaðsstofanna sem nú hittast tvisvar á ári til að stilla saman strengi sína. Sölvi og Þórkatla hjá Markaðsstofu Vestfjarða létu sig ekki vanta þrátt fyrir að ferðin bæri upp nánast eina illviðrisdag þessa einstaklega veðurbliða nóvembermánaðar. Það var kannski ágætlega við hæfi því vetrarferðamennska var þema fundarins og heimsótti hópurinn fyrirtæki í Mývatnssveit sem lagt hafa áherslu á vetrarferðamennsku í sínu framboði.



Hópurinn fór einnig og skoðaði þá miklu uppbyggingu sem hefur átt sér stað við Goðafoss og stækkun jarðbaðanna var skoðuð. Hin íslenska baðmenning var frekar tekin til kostanna við fundarlok er hópurinn lét líða úr sér í Skógarböðunum, Vestfirðingarnir áttu reyndar langan akstur fyrir höndum svo þeir héldu heim óþaðaðir í þetta sinn. Á þessum gagnlega vinnufundi þar var farið í saumana á áfangastaðaáætlunum og Mannamótum markaðstofa landshlutanna sem haldið verður í Kórnum í Kópavogi fimmtudaginn 18. janúar.



MATÍS Í HEIMSÓKN

Guðmundur Stefánsson og Jónas R. Viðarsson frá Matís heimsóttu Vestfirði dagana 13.-14. nóvember. Veðurguðirnir og Vestfirðingar tóku vel á móti gestunum og Guðrún Anna slóst í för með þeim félögum, en eitt af markmiðum Vestfjarðastofu er að fjölga þeim sem starfa við rannsóknir í fjórðungunum. Öflugt rannsóknarstarf er einn lykilþátturinn í að byggja upp sterk og öflug samfélög. Þeim er jafnframt mikilvægt að þróist geti störf á öllum sviðum frá frumframleiðslu, þjónustu, eftirliti og nýsköpun og þannig skapi hér sjálfbær samfélög.



Heimsótt voru fyrirtækin Arnarlax á Bildudal, Oddi á Patreksfirði, Arctic Fish og Drimla í Bolungavík, Klofningur og Fisherman á Suðureyri, auk þess sem Lilja Magnúsdóttir og Þórdís Sif Sigurðardóttir áttu fund með hópnum til að kynna þá starfsemi sem fyrirhuguð er í Vatneyrarbúð á Patreksfirði, sem hugsuð er sem framtíðarhúsnæði rannsókna á sunnanverðum Vestfjörðum. Hægt er að lesa Meira um heimsóknina og sjá fallegar myndir frá henni á heimasíðu Matís, matis.is.



FYRSTI STAÐFUNDUR RECET-VERKEFNISINS Í SLÓVENÍU

Vestfjarðastofa er þáttakandi í orkuskiptaverkefninu RECET sem hefur það að meginmarkmiði að til verði orkuskiptaáætlanir í sveitarfélögunum sem taka þátt. Hér á Íslandi eru auk Vestfjarðastofu Íslensk Nýorka, Eimur og SSNE þátttakendur í RECET. Í öðrum löndum eru það sveitarfélög á Menorca á Spáni, Energikontor Sydost AB sem vinnur fyrir sveitarfélög suðaustur Svíþjóð, Energiakademiet Samsö í Danmörku og sveitarfélagið Postonja í Slóveníu, sem voru gestgjafar þessa fyrsta staðfundar sem haldinn var í verkefninu.

Fyrir Vestfjarðastofu leiða þeir Hjörleifur Finnsson og Magnús Þór verkefnið, og kom það því í þeirra hlut að leggja land undir fót í byrjun nóvember. Fundað var stíft í tvo daga, hvernig væri best að hleypa verkefninu af stokkunum og hlutverk ólíkra þátttakanda í því. Slóvenar voru höfðingjar heim að sækja, matarmenning í hávegum höfð og henni gerð góð skil í heimsókninni.

Hlutverk Vestfjarðastofu er að koma af stað vinnu við orkuskiptaáætlanir á Vestfjörðum og þá sérstaklega með samstarfsaðilum verkefnisins Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Bolungarvík og Reykhólahreppi. Sú vinna hefst fyrir alvöru með kynningarfundum í byrjun næsta árs sem verður auglýstur nánar síðar.



STERKAR STRANDIR FRAMLENGT UM ÁR



Stjórn Byggðastofnunar hefur ákveðið að framlengja verkefnið Sterkar Strandir um eitt ár, til loka árs 2024, en Sveitarstjórn Strandabyggðar óskaði eftir framlengingunni. Tilgangurinn er að vinna áfram að þeim framfaramálum sem íbúar hafa skilgreint í verkefnisáætlun en einnig að styðja við frumkvæðisverkefni sem horfa til framfara að því marki sem kraftar verkefnisins leyfa.

Þetta var kynnt á árlegum íbúafundi sem haldinn var undir merkjum Sterkra Stranda miðvikudaginn 15. nóvember sl. Dagskráin samanstóð af nokkrum erindum auk þess sem fundargestum gafst tækifæri til að taka þátt í umræðum um stöðu starfsmarkmiða í verkefnisáætlun og greina hvaða áherslur skynsamlegt væri að vinna sérstaklega með, á viðbótarári verkefnisins í þeim tilgangi að ná sem mestum árangri.

Íbúar Strandabyggðar urðu fyrir miklu áfalli í sumar þegar Snæfell, eigandi rækjuvinnslunnar Hólmadrangs, ákvað að hætta starfsemi sinni á Hólmavík. Þar með misstu um 20 íbúar vinnuna enda Hólmadrangur einn stærsti vinnustaður Strandabyggðar. Miklar áskoranir blasa því við í byggðarlaginu við að treysta atvinnulíf og þar með búsetuskilyrði. Vonir standa til að verkefnið Sterkar Strandir geti þar lagt lóð á vogarskálarnar.

Talsverður ágreiningur hefur verið í samfélaginu í Strandabyggð sem sumir óttast að geti dregið úr framþróun, þátttöku og virkni íbúa í verkefninu og þar með árangri þess. Í máli Kristjáns Þ. Halldórssonar formanns verkefnastjórnar og annars fulltrúa Byggðastofnunar í Brothættum byggðum, kom fram að verkefnisstjórn muni ekki taka afstöðu í þeim málum sem kunna að vera orsök ágreinings en muni á hinn bóginn beina kröftum sínum að framfaramálum og styðja við frumkvæðisverkefni sem horfa til framfara.

Sigurður Líndal er verkefnisstjóri Sterkra Stranda og kynnti hann vinnu samráðshóps um stöðu Strandabyggðar sem sett var á laggirnar í kjölfar lokunar Hólmadrangs fyrr á árinu en auk hans eru þeir Þorgeir Pálsson sveitarstjóri og Stefán Vagn Stefánsson fyrsti þingmaður kjördæmisins í hópnum. Til stendur m.a. að setja á stofn s.k. Strandanefnd og bora eftir heitu vatni á Gálmaströnd. Þorgeir Pálsson sveitarstjóri kynnti einnig áform um nýja hótélbyggingu á Hólmavík sem ætlað er að styrkja stöðir atvinnulífs í Strandabyggð og Magnús Bjarnason frá Vestfjarðastofu kynnti niðurstöður innviðagreiningar á Ströndum og smávirkjanakosti í Strandabyggð.

Af nýsköpunarverkefnum sem fengið hafa styrk úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda, má nefna Fine Foods Íslandica sem snýr m.a. að fullvinnslu á þara. Einnig Galdur brugghús, Galdrasetrið og ný fótaaðgerðarstofa svo nokkuð sé nefnt.

Byggðaðróunarverkefnið Sterkar Strandir hófst á árinu 2020 undir merkjum Brothættra byggða



→ SAMTAL UM GRÆNA STYRKI Á ÍSAFIRÐI



Rannís, Samband íslenskra sveitarfélaga og Vestfjarðastofa stóðu fyrir opnum fundi um græna styrki á Ísafirði og á netinu þann 27. nóvember. Á fundinum var fjallað um sóknartækifæri fyrir íslenska aðila í Evrópuáætlanir á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála, og þá þjónustu sem umsækjendum stendur til boða. Þær Björg María Oddsdóttir frá Rannís og Gyða Einarsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fóru yfir Evrópustyrki og aðkomu Íslands að þeim. Sérstaklega fjölluðu þær um Horizon Europe sem er rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB og LIFE sem er umhverfis- og loftslagsáætlun ESB. Einnig komu þær líka inn á European City Facility sem veitir styrki til fjárfestingaráætlanagerðar fyrir sveitarfélög vegna orkuskipta. Magnús Þór Bjarnason hjá Vestfjarðastofu fjallaði um RECET verkefnið sem hlaut rausnarlegan styrk úr LIFE. Þá bentu þau öll á að stofnanirnar sem þau vinna fyrir: Vestfjarðastofa, Rannís og Samband íslenskra sveitarfélög standi ávalt opin til ráðgjafar þeim sem hyggja á umsóknir í þessa sjóði.

→ PRÓUNARSJÓÐUR FLATEYRAR AUGLÝSIR STYRKI

Þróunarsjóður Flateyrar úthlutar nú í fimmta og síðasta sinn. Sjóðurinn styrkir nýsköpunar- og samfélagsverkefni sem efla atvinnu- og mannlíf á Flateyri og Önundarfirði og er gert ráð fyrir 20 milljónum til úthlutunar.

Mat verkefna tekur mið af niðurstöðum íbúafings á Flateyri og markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða. Þær umsóknir sem berast í sjóðinn verða metnar af verkefnisstjórn byggðarlagsins sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og Hverfisráði Önundarfjarðar.

Auglýst er eftir umsóknum í Þróunarsjóðinn fyrir styrki til nýsköpunar- og samfélagsverkefna á Flateyri og Önundarfirði, sem verkefnisstjórn úthlutar.

Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2023 kl. 16.00.

Allir sem búa yfir hugmyndum að nýsköpunar- og/eða samfélagverkefnum í samfélaginu á Flateyri og Önundarfirði eru hvattir til að sækja um.

RÍKIR BÚSETUFRELSI Á ÍSLANDI?

Byggðaráðstefnan 2023 var haldin í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ í byrjun mánaðar undir yfirskriftinni Búsetufrelsi? Það voru Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Reykjanesbær sem stóðu að ráðstefnunni, sem var öll hin glæsilegasta.

Dagskrá ráðstefnunnar var afar áhugaverð og óhætt að segja að þar hafi verið saman komið mikið þungavigtarfólk í rannsóknum á búsetufrelsi og byggðafestu hér á landi. Vestfirðingar nutu sín þar vel, en Guðmundur Gunnarsson fyrrverandi Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar var fundarstjóri, Iða Marsibil Jónsdóttir, fyrrum forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar, núverandi sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps var með erindi og það var líka okkar eina Sirrý, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir sem var með kraftmikið erindi um óstaðbundin störf, þar sem hún velti því upp hvort fyrirkomulag þeirra sé í raun gagnlegt á landsbyggðinni.

Þóroddur Bjarnason, ritstjóri, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands og rannsóknaprófessor í byggðafraeði við Háskólann á Akureyri var með erindi undir sömu yfirskrift og nýleg bók sem hann ritstýrði Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi. Um byggðafestu fjallaði líka Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands og lagði hún sérstaka áherslu á byggðafestu innflytjenda. Margir staðir á landsbyggðinni hafa lengi glímt við áskoranir í íbúáþróun og þá oft vegna viðvarandi fólksfækkunar, en það eru ekki allir að fást við slíkt og fjallaði Kjartan Már Kjartansson, sveitarstjóri Reykjanesbæjar um þær áskoranir sem fólgnar eru í hraðri íbúafjölgun.

Saga til næsta bæjar – búferlaflutningar og slúður var yfirskrift erindis Grétu Bergrúnar Jóhannesdóttir, kynjafræðings og doktorsnema við Háskólann á Akureyri. Í erindinu fjallaði hún um rannsókn sína á slúðri og samfélagslegum áhrifum þess í litum samfélögum og benti meðal annars á að meira sé í raun búið að rannsaka togkraft þéttbýlis í stað ýtiafls minni staða. Af öðrum afar áhugaverðum erindum má nefna Félagssálfræði jákvæðs byggðabragðs: Eru sveitarfélög hluti af sjálfmynd Íslendinga? sem Dr. Bjarki Þór Grönfeldt frá Rannsóknasetri í byggða- og sveitastjórnarmálum, Háskólanum á Bifröst, flutti.

Þá var á dagskrá málefni sem margir sem búsettir eru á landsbyggðni láta sig miklu varða en það er fjarnám og jafnrétti til náms. Þingmaðurinn Líneik Anna Sævarsdóttir opnaði umræðuna sem endaði á pallborði með fulltrúum allra háskólanna á Íslandi. Margt fleira var á dagskrá og er hægt að nálgast upptökur frá ráðstefnunni á vef Byggðastofnunnar auk þess sem þar er að finna glærुकyningar þeirra sem þar tóku til máls.





VESTFIRÐIR Á WTM

Vestfirðir voru með fulltrúa á einni af stærri ferðasýningum heims, World Travel Market eða WTM, sem haldin var í London dagana 6-8. nóvember. Þar að finna sérstakan þjóðarbás Íslands, sem Íslandsstofa hélt utan um. Þar kappkostuðu þrjár Markaðsstofur landshlutanna, auk fulltrúa 19 fyrirtækja í ferðaþjónustu; ferðaskrifstofa, hótela, afþreyingarfyrirtækja, baðlóna og flugfélaga, að kynna ágæti lands og þjóðar fyrir gestum.

„Um 44.000 manns heimsótti sýninguna þar sem um 4.000 sýnendur tjölduðu öllu til við að kynna áhugaverða áfangastaði um allan heim. Ísland var mjög vinsælt meðal kaupenda og fyrirspurnirnar fjölbreyttar að sögn Sölva Rúnars Guðmundssonar sem var á staðnum fyrir hönd Markaðsstofu Vestfjarða. Auk þess að hafa verið ötull við að kynna gestum Vestfirði og Vestfjarðaleiðina í heild sinni lá áhugi kaupenda á þjónustu á Vestfjörðum einna helst í útivist og hjólreiðaferðamennsku.

Vestfirðir eiga víða góða að. Með í för hópsins var forsetafrú Íslands, Eliza Reid, sem tók þátt í landkynningunni og lagði hún reglulega áherslu á Vestfjarðaleiðina í viðtölum við fjölmiðla. Heimsóknir á ferðasýningar og kaupstefnur er mikilvægt fyrir þá sem vilja að eftir sér sé tekið í ferðaheiminum og því frábært tækifæri að kynna Vestfirði á þessum vettvangi.



Markaðsstofa
Vestfjarða

GERVIGREIND OG MIÐLUNARMÁL Á HAUSTFUNDI ATVINNURÁÐGGJAFJA


Haustfundur atvinnuráðgjafa var haldinn á Courtyard by Marriott í Reykjaneshæ fyrsta dag nóvembermánaðar undir yfirskriftinni Gervigreind eða gerfigreind? Þar var fjallað um gervigreind, miðlunarmál og ýmis byggðamál. Fimm starfsmenn Vestfjarðastofu sóttu fundinn, en gott samstarf atvinnuráðgjafa landshlutasamtakanna er mikilvægt stoðkerfi atvinnumála í landinu. Þá er ekki síður mikilvægt að sækja fundi þar sem bæta má þekkingu og færni starfsfólks í síbreytilegu atvinnulandslagi nútímans.



Meðal þeirra sem tóku til máls var Gunnar Ólafsson hjá Blábankanum á Þingeyri þar sem hann fjallaði um gervigreind til byggðapróunar, en núna um mánaðamótin er í gangi viðskiptahraðall undir sömu formerkjum á Þingeyri. Í málefnum gervigreindar steig einnig á stökk Brynjólfur Borgar Jónsson, frá Datalab sem fjallaði um framfarir gervigreindar og hagnýtingu hennar í stjórnsýslu. Í miðlunardeildinni kom Arnar Gunnarsson, frá Dígido sterkur inn og kynnti atvinnuráðgjöfum allt það nýjasta í stafrænni markaðssetningu. Boðið var upp á fjölmörg fleiri gagnleg erindi um hin ýmsu verkefni sem verið er að vinna í ólíkum landshlutum og fórum við hjá Vestfjarðastofu af fundinum með gagnlegar upplýsingar sem nýtast okkur vel í starfi.

Þá var boðið upp á skoðunarferð þar sem farið var í Byggðasafnið á Garðskaga þar sem forstöðumaður safna í Suðurnesjabæ Margrét I. Ásgeirsdóttir tók á móti hópnum. Safnið er alhliða byggða- og sjóminjasafn og er þar að finna mikið vélasafn auk þess sem þar er búið að setja upp virkilega skemmtilega safnabúð sem byggð er á Verzlun Þorláks Benediktssonar sem rekin var í Garði í rúm 50 ár.





SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN Í HÖRPU

Sjávarútvegsráðstefnan var haldin 2.-3. nóvember í Hörpu og var þema ráðstefnunnar sjálfbærni. Guðrún Anna sem er teymisstjóri Vestfjarðastofu í atvinnu- og byggðaðþróun sat ráðstefnuna. Það eru margar áskoranir sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir og var leitast við kynna framtíðarlausnir út frá umhverfissjónarmiðum, orkuskiptum, nýjum umbúðalausnum og fæðuöryggi í heiminum.

Á heimsvísu er litið upp til Íslands í tengslum við sjávarútveg og þróun mála. Svanhvít Svavarsdóttir, matvælaráðherra, benti í erindi sínu á að hér á landi ríkti mikil skautun er í umræðunni um sjávarútveg og oft væri hún ansi svarthvít. Saga okkar er samofin sögu sjávarútvegs og getum við verið stolt af því sem vel er gert og bætt það sem þarf að bæta. Það er þó ljóst að stærstu áskoranirnar sem greinin stendur frammi fyrir er að finna nýjar leiðir til að minnka þau áhrif sem sjávarútvegurinn hefur á umhverfið.

Í málstofu um orkuskipti steig á svið Þorsteinn Mátsson hjá Bláma og kynnti hugsanlegar leiðir í orkuskiptum skipa. Lagði hann mikla áherslu á að vinna við orkuskiptin yrði sett í algeran forgang og byrjað á grunninum hjá nemum í vélstjórn og rafmagnsfræðum við að leita nýrra lausna og kenna nýjustu tækni hverju sinni því þróunin væri hröð.

Að ráðstefnu lokinni var gestum ljóst að við erum að sigla inn í nýja tíma eða eins og Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri SFS sagði „sjálfbærni er ekki skraut og skemmtilegar fyrirsagnir.“ Við þurfum að bregðast enn hraðar við til að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur sem þjóð í alþjóðlegum samningum á sviði loftslagsmála. Á svipuðum nótum var Elva Rakel Jónsdóttir hjá Festu miðstöð um sjálfbærni sem minnti fundargesti á að höfin eru lungu heimsins.



FJÓRIR STYRKIR TIL VESTFJARÐA ÚR ORKUSJÓÐI

Orkusjóður

Jarðhitaleitarátak á rafhituðumsvæðum

Ísland hefur náð stórkostlegum árangri í nýtingu jarðhita til húshitunar og yfir 90% landsmanna hafa aðgang að hitaveitu. Það er hins vegar mikilvægt að rannsaka betur þau svæði sem eftir standa og þurfa að nýta raforku og olíu til húshitunar.

Finnist nýtanlegur jarðhiti á þessum svæðum mun það stuðla að bættum búsetuskilyrðum, draga út kostnaði ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, auk þess að draga úr notkun raforku og olíu til húshitunar, sem er mikilvægt fyrir markmið ríkisstjórnarinnar um að Ísland nái kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum eigi síðar en árið 2040 og verði þá óháð jarðefnaðsneyti fyrst ríkja.

Styrkhafi	Heiti verkefnis	Styrkupp hæð
HEF veitur ehf	Búlandnes - Djúpvogur	134.840.000
Orkubú Vestfjarða	Ísafjörður og Patreksfjörður (1. áfangi)	91.333.000
Orkubú Vestfjarða	Geirseyri (Patreksfjörður 2. áfangi)	51.333.000
Orkubú Vestfjarða	Ísafjörður (2. áfangi)	45.333.000
Vopnafjarðarhreppur	Selárlaug	40.000.000
Grundarfjarðarbær	Orkuskipti sundlaugar, grunnskóla og íþróttahúss Grundarfjarðar	34.000.000
Kaldrananeshreppur	Hitaveituvæðing Bæjartorfunar	25.289.000
Skaffárhreppur	Jarðhitarannsóknir í Skaffárhreppi	25.000.000
Heildar styrkur	Samtals	447.128.000

Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytið tilkynnti á dögunum þau verkefni hlutu styrk úr Orkusjóði og komu fjórir styrkir til Vestfjarða að heildarupphæð 231.288.000. Þrír þeirra komu til Orkubús Vestfjarða vegna jarðhitaleitar á Ísafirði og Patreksfirði og einn til Kaldrananeshrepps vegna hitaveituvæðingar Bæjartorfunnar.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra óskaði í maímánuði eftir því að Orkusjóður myndi sjá um framkvæmd átaks í leit og nýtingu jarðhita árin 2023-2025. Í átakanu skyldi áhersla lögð á stuðning við verkefni sem hefðu það að markmiði að hefja nýtingu jarðhita til almennrar húshitunar á svæðum þar sem nú er notuð raforka og/eða olía til þess. Um er að ræða fyrsta jarðhitaleitarátakið sem ráðist er í síðan undir lok síðustu aldar. Alls bárust 25 umsóknir, samtals að upphæð kr. 1.373 m.kr. og alls hlutu átta verkefni styrk að upphæð um 447 milljónir króna.



ÍBÚAKÖNNUN LANDSHLUTANNA - TAKTU ÞÁTT!

Íbúakönnun landshlutanna er nú í fullum gangi. Könnunin er á vegum Bygðastofnunar, landshlutasamtakanna og atvinnuþróunarfélaga og er hún ætluð öllum íbúum á Íslandi sem náð hafa 18 ára aldri. Tilgangur hennar er að kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæðna á vinnumarkaði og afstöðu til annarra mikilvægra atriða.

Ekki þarf að fjölýrða um mikilvægi kannanna sem þessara og því eru allir sem vettlingi geta valdið hvattir til að taka þátt. Eftir því sem fleiri taka þátt og eftir því sem lýðfræðileg dreifing er betri fást greinarbetri niðurstöður um stöðu innan ákveðinna landshluta og mun á milli mismunandi landshluta á Íslandi.

Niðurstöður könnunar eru þýðingarmiklar og veita t.a.m. sveitarstjórnarfólki mikilvægar upplýsingar. Þannig veita þær innsýn í stöðu okkar á landsbyggðinni, hjálpa sveitastjórnarfólki að móta áherslur í starfi sínu og jafnvel hafa þær breytt forgangsröðun í ýmsum verkefnum. Þá hafa þessi gögn nýst inn í hverskonar stefnumótunarsvinnu sem landshlutasamtökin hafa sinnt. Að síðustu má svo geta þess að upplýsingarnar eru mjög gagnlegar í hagsmunabaráttu landshlutanna.

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Úthlutunarhóf

Úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða hafa lokið störfum við að fara yfir styrkumsóknir vegna ársins 2024. Alls bárust 78 umsóknir. Af þeim hlutu 57 umsóknir styrkvilyrði, alls að upphæð 44.850.000 kr. Auk þess eru 6 verkefni sem þegar hafa hlotið styrkvilyrði að upphæð 11.850 svo heildarstyrkveitingar ársins 2024 verða 63 talsins og heildarupphæðin 56.700.000 kr.

**Úthlutunarhóf verður haldið rafrænt
fimmtudaginn 7. desember kl. 16:00.**

Þar verður tilkynnt hvaða umsóknir hlutu styrk og sýnd innsög frá nokkrum fyrri styrkþegum. Slóðin til að horfa á þennan viðburð verður birt á vef okkar:

www.vestfiridir.is

